



Upplýsingar um teppið þitt

Hnökrar / Ló

Ullarteppi hnökra, hvernig sem útlit eða hönnunin er. Þetta gerist vegna afgangspræða(ló) sem verða eftir í teppinu þegar verið er að klippa og jafna þræðina í framleiðslu. Til að draga úr hnökrum er ráðlagt að kemma teppið með hreinni gúmmísköfu.

Rýateppi/handofin teppi

Í þessum teppum geta einstaka þræðir verið lausir, og einnig þræðir sem eru lengri en aðrir. Þá þræði sem eru lengri má einfaldlega klippa til.

Sísalteppi

Sérstaklega slitsterk og endingargóð teppi. Eini veikleiki þeirra er mikil bleyta. Ef teppið blotnar mikið þurrkið það strax með þurrum klút/pappír, gott er að nota háþurrku til að þurrka það enn frekar. Ef mottan er látin þorna af sjálfu sér getur það skroppið saman og afmyndast.

Skinn-/leður mottur

Þessi teppi eru ekki hentug undir matarborð þar sem slitflöturinn er stór. Verjið mottuna með vætuvörn og hreinsið með 'Cow-Care'. Þegar skinnið er orðið þurrt, þarf að meðhöndla það með leðurfitu til að ná mýkt skinnisins aftur.

Lykt

Ef sterka lykt liggur frá teppinu er það oftast sterkja, efni sem er sprejjað yfir teppið af framleiðanda. Sterkjan ver teppið gegn meindýrum og raka við flutning. Efnið er ekki hættulegt við innöndun og lyktin hverfur fljótt.

Þrif

Hafðu samband við efnalaug-fatahreinsun til að fá bestu meðferð fyrir teppið. Athugið að þótt það standi "dry clean" á teppinu þá þýðir það ekki að allar efnalaugar-fatahreinsun geti þrifið teppið.

Skilaréttur

Teppi sem þú hefur keypt á fullu verði: 8 daga skilafrestur.